Leikskólinn Jötunheimar

Leikurinn á vísdóm veit



Leikskólinn Jötunheimar

Skólanámskrá
leikskólans
Jötunheima
til 2030

Viðfangsefni skólanámskrár

Grunnur starfsins

- Kjörorð leikskólans
- Námsumhverfi
- Leikskólabarnið
- Einkenni okkar

Nám og þroski

- Leikur og nám
- Lýðræði og jafnrétti
- Námsvið leikskóla
  - Læsi og samskipti
  - Heilbrigði og vellíðan
  - Sjálfbærni og vísindi
  - Sköpun og menning

Fagmennska

- Hlutverk kennara
- Leiðarljós kennara í Jötunheimum

Samstarf og samfélag

- Fjölskyldan og leikskólinn
- Tengsl skólastiga

Mat á skólastarfi

- Mat á árangri og gæðum skólastarfs
- Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn Jötunheimar

Kjörorð leikskólans

Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við sjálfsprottna leikinn og mikilvægi hans.

Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við að gefa börnum tækifæri til að læra á eigin forsendum og þróa með sér vináttu, skapandi hugsun og gleði.

Við leggjum ríka áherslu á að andrúmsloft okkar einkennist af vináttu og gleði og sjálfsprottnum leik þar sem að

leikurinn á vísdóm veit.

Námsumhverfi

Leikskólinn Jötunheimar hefur 11 deildir sem bera nöfn gamalla húsa í Árborg. Húsnæðið er sniðið að þörfum barna og kennara með áherslu á leik sem meginnámsleið. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfisins endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Námsumhverfið er sveigjanlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið milli svæða. Markmiðið er að skapa valdeflandi námsumhverfi sem styður við sjálfsprottinn leik, hvetur til rannsókna og sköpunar og gefur öllum börnum tækifæri til að læra og þroskast á eigin forsendum. Námsumhverfi er aðlaðandi og snyrtilegt þar sem öryggi er í fyrirrúmi. Efniviður á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna, vekja forvitni og ýta undir ímyndunarafl.

Áhersla er lögð á að efniviður sé :

- Fjölbreyttur og samanstandi af hefðbundnum leikföngum og opnum efniviði
- Sé aðgengilegur börnum og veki forvitni
- Höfði til mismunandi skynjunar og hvetji til rannsókna
- Geti tekið á sig mismunandi merkingu í leik
- Styðji við endurvinnslu og sjálfbæra nýtingu

Útiumhverfi sem námsrými:

- Leikskólalóð og nærumhverfi hvetja til leiks, rannsókna og hreyfingar.
- Lóð leikskólans er stór með fjölbreyttum möguleikum til leiks, þar má finna náttúrulegan efnivið og fjölbreytt landslag. Þar er einnig rými fyrir ærslaleik sem og rólegri leik.
- Nærumhverfi leikskólans býður upp á tækifæri til vettvangsferða, leikvellir eru nærri og ræktaður skógur í nágrenninu til rannsókna á náttúru, gróðri og dýralífi.

Í samræmi við hugmyndir um valdeflandi námsumhverfi leggjum við áherslu á að:

- Gefa börnum val um svæði, félaga og veita aðgengi að efniviði
- Skapa umhverfi sem styður við sjálfræði og færni barna
- Tryggja að námsumhverfi endurspegli margbreytileika barnahópsins
- Bjóða upp á möguleika til rannsókna og uppgötvana

Leikskólabarnið

Hvað viljum við að börnin í Jötunheimum tileinki sér í leikskólanum?

Í Jötunheimum viljum við að börn tileinki sér jákvæð samskipti, kurteisi og vinsemd í samskiptum við aðra.

Börnin læri félagslegar leikreglur og að eiga góð samskipti við jafnaldra og fullorðna.

Þau þrói sjálfstæði og sjálfshjálp, byggja upp sjálfstraust og takast á við dagleg verkefni.

Börnin verði læs á eigin tilfinningar og skilji tilfinningar annarra, sem styrkir samskiptafærni þeirra.

Í Jötunheimum leggjum við áherslu á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu, ásamt því að setja og virða mörk.

Börnin hafi tækifæri til að tjá sig, efla jákvætt hugarfar og leggja grunn að læsi og áframhaldandi þroska.

Börnin séu forvitin, fróðleiksfús og tilbúin að takast á við nýjar áskoranir með jákvæðu hugarfari.

Hér má nálgast Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Leikur og nám

Sjálfsprottinn leikur sem megin námsleið

Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og skal vera megin námsleið í leikskóla. Sjálfsprottinn leikur einkennist af því að börn hafa frumkvæði og stjórn, taka sér hlutverk og skapa ímyndaðar aðstæður. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Börn þurfa fjölbreytta reynslu úr náttúru, umhverfi og samskiptum til að glæða leikinn lífi. Þessi reynsla skapar þekkingu, leikni og nýjar tilfinningar sem nýtast í leik og þroska.

Leikur og grunnþættir menntunar:

Í leik fléttast saman allir grunnþættir menntunar:

- **Læsi:** Börn þróa mál, samskipti og læsi í víðum skilningi
- **Sjálfbærni:** Kanna umhverfi og læra um samspil náttúru og samfélags
- **Lýðræði og mannréttindi:** Læra samvinnu, reglur og virðingu
- **Jafnrétti:** Öll börn fá jöfn tækifæri til þátttöku
- **Heilbrigði og velferð:** Efla vellíðan í öruggu og hvetjandi umhverfi
- **Sköpun:** Þróa ímyndunarafl og sköpunargleði

Hér má nálgast heilmikinn fróðleik um leik barna í Handbók um leik barna í leikskólum

Hér er kafli um leik barna í Aðalnámskrá leikskóla

Lýðræði og jafnrétti

Leikskólinn er vettvangur fjölmenningar þar sem virðing er borin fyrir margbreytileika og litið á fjölbreyttan bakgrunn sem styrk. Öll börn eiga rétt á að tilheyra samfélaginu á eigin forsendum og lögð er áhersla á jafnrétti, þátttöku og öruggt, styðjandi umhverfi. Starfið byggir á meðvituðu fjölmenningarstarfi þar sem fjölbreytileiki er samþættur leik, námi og samskiptum.

Tungumál og menning barna eru metin að verðleikum og stuðlað er að skilningi, umburðarlyndi og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Virkt samstarf við foreldra styður við vellíðan, öryggi og farsæld barna og styrkir tilfinningu þeirra fyrir að tilheyra samfélagi sem byggir á virðingu og jafnrétti.

Jöfn tækifæri fyrir öll börn

Leikskólinn er fyrir börn með ólíkar þarfir, getu og bakgrunn. Öll börn eiga rétt á að upplifa sig sem hluta af samfélagi þar sem virðing og réttlæti einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Hver einstaklingur þarf viðfangsefni við sitt hæfi til að geta notið sín á eigin forsendum.

Lýðræðisleg þátttaka barna

Börn öðlast skilning á lýðræði með því að taka þátt í lýðræðislegum starfsháttum og samskiptum í daglegu lífi. Með því tileinka þau sér lýðræðisleg gildi, læra ákveðin vinnubrögð og efla borgaravitund sína. Mikilvægt er að þau fái svigrúm til að tjá hugmyndir sínar og hafa áhrif á það sem snertir þau. Jafnframt læra þau að bera virðingu fyrir sjónarmiðum annarra og skilja að ekki er alltaf hægt að ráða öllu sjálf.

Hér má nálgast Fjölmenningarsíðu Árborgar

Námsvið leikskóla

Læsi og samskipti

Læsi í víðum skilningi

Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og eiga málrækt og málörvun að fléttast inn í allt leikskólastarf og leik barnanna. Málþroski byggir á þremur grunnþáttum: hljóðavitund, orðaforða og málskilningi. Þessir þættir þróast saman í gegnum leik, samtal og upplifun. Í leikskólanum er stutt við málþroska barna.

Tákn með tali er notað til að efla málþroska ungra barna og þeirra sem eru með seinkaðan málþroska. Einnig hefur Tákn með tali reynst vel með tvítyngdum börnum.

Leikskólinn Jötunheima styðst við námsefnið Lubbi finnur málbein til að efla málþroska barna, nánari umfjöllun um Lubba er síðar í þessari skólanámskrá.

Hér má nálgast nánari upplýsingar um Tákn með tali

Hér má nálgast nánari upplýsingar um Læsisstefnu Árborgar

Hér má finna bókina Orð eru ævintýri

Hér má finna orðaforðalista MMS

Námsvið leikskóla

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði á öllum sviðum

Heilbrigði felur í sér andlega, líkamlega og félagslega vellíðan og ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Öll börn þurfa að upplifa öryggi, gleði og jákvæða sjálfsmynd til að blómstra í námi og leik. Tekið er tillit til þarfa og getu hvers barns. Allir fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna í hreyfingu og samskiptum.
Aðstæður leikskólans eiga að ögra og örva hreyfifærni barna innan sem utandyra og mikilvægt er að börn fái margvíslega hreyfingu í daglegu leikskólastarfi til að:

- Efla sköpunarkraft og gleði
- Styrkja líkamsvitund og persónulega umhirðu
- Efla jafnvægi, styrk og samhæfingu
- Læra muninn á spennu og slökun

Næringar- og hvíldarþarfir

Hollur og fjölbreyttur matur stuðlar að heilbrigðum vexti. Börn eiga að fá fjölbreyttan, góðan og næringaríkan mat og nægan tíma til að borða.
Að snæða er félagsleg athöfn. Umhverfið og andrúmsloftið sem ríkir þegar borðað er skiptir ekki síður máli fyrir líðan og heilsu en fæðan sjálf. Börn þurfa að fá tækifæri til hvíldar yfir daginn, sérstaklega yngstu börnin.

Hér má fræðast um svefn leikskólabarna

Hér má fræðast um næringu leikskólabarna

Námsvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Tengsl við náttúru og umhverfi

Sjálfbærni snýst um að efla umhverfisvitund og vísindalega hugsun í gegnum leik og rannsóknir, kynnast sjálfbærri þróun og axla ábyrgð gagnvart náttúru og komandi kynslóðum. Börn efla umhverfislæsi og vitund sína með því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í leik læra börn um og leggja til vísindalegar hugmyndir sínar, kannanir og tilgátur. Þau þurfa langan og samfelldan tíma til að kanna umhverfi sitt í leik, bæði ein og með öðrum, inni og úti. Leikur í náttúrunni gefur börnum tækifæri til að kanna, skoða og læra um náttúruna á eigin forsendum með stuðningi kennara. Vísindalegar hugmyndir og tilgátur koma fram í leik þegar börn rannsaka og gera tilraunir.

Hér má fræðast meira um sjálfbærni í leikskólum

Námsvið leikskóla

Sköpun og menning

Sköpun sem grunnþáttur náms

Skapandi starf felur í sér að börn fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, hugmyndir og upplifanir á fjölbreyttan hátt í gegnum sköpun. Með þátttöku í skapandi starfi kynnast börn ólíkri menningu, listformum og menningararfi, sem stuðlar að auknum skilningi á sjálfum sér og umhverfinu. Í skapandi ferlum eflist sköpunarkraftur barnanna og þau þróa með sér jákvæða sjálfsmynd, auk þess sem þau öðlast trú á eigin getu og hugmyndir.

Áhersla er lögð á sköpunarferlið fremur en lokaafraksturinn, þar sem börnin fá frelsi til að nýta eigið hugmyndaflug og vinna á eigin forsendum án fyrirfram gefinna lausna. Slíkt umhverfi styður við frumkvæði, sjálfstæði og forvitni barnanna. Í skapandi starfi læra börn að prófa sig áfram, gera mistök og finna nýjar leiðir, sem eflir sveigjanlega hugsun og lausnamiðað viðhorf.

Sköpun tengist einnig félagslegu námi þar sem börn fá tækifæri til að; vinna saman, deila hugmyndum og læra að virða sjónarmið annarra. Með skapandi verkefnum öðlast þau reynslu af samvinnu, samskiptum og sameiginlegri ákvarðanatöku. Skapandi starf er því mikilvægur þáttur í heildstæðu námi barna og leggur grunn að áframhaldandi námi, vellíðan og virkri þátttöku í samfélaginu.

Hér má fræðast meira um sköpun og menningu

Hlutverk kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu leikskólastarfi og bera ábyrgð á því að grunnþættir menntunar fléttist inn í allt leikskólastarf. Fagmennska þeirra byggist á sérhæfðri menntun, þekkingu, gildum og siðferði starfsins.

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfs, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Jafnframt á hann að hlúa að velferð barna. Kennari ber ábyrgð á að undirbúa og skipuleggja námsumhverfi með því markmiði að börnin fái tækifæri til að upplifa vellíðan og farsæld. Hann nýtir til þess fjölbreytta kennsluhætti sem byggja á að fjölbreyttur barnahópur geti notið sín og haft frumkvæði í leik. Kennari fléttar námsþætti inn í allt starf og nýtir öll tækifæri til að efla þroska barnanna. Starfsþróun kennara byggist á teymisvinnu, endurmenntun og ígrundun í námi og starfi. Kennarar eru mikilvægir tengiliðir milli leikskóla og heimila og skulu stuðla að góðu samstarfi sem byggir á gagnkvæmu trausti, virðingu og sameiginlegri ábyrgð á velferð barnanna.

Fjögur meginhlutverk kennara í leik:

Áhorfandi:

- Skoða og skrá leik barna til að öðlast innsýn í nám, þroska og samskipti
- Börnin eiga frumkvæði að leiknum og stýra honum sjálf
- Kennari er fyrir utan leikheim barnahópsins, fylgist með stöðu barna innan hópsins

Leiðbeinandi:

- Styðja við leikinn og leiðbeina þegar þörf krefur og stýra leiknum í ákveðna átt miðað við markmið leiksins
- Kennari er fyrir utan leikheim barnanna, greinir og bregst við valdaójafnvægi

Leikfélagi:

- Börnin eiga frumkvæði að leiknum og stýra honum, kennari tekur þátt á forsendum barnanna og leiksins
- Er þátttakandi í leik og er innan leikheimsins
- Styður við leikinn og getur haft áhrif á hann án þess að taka stjórnina

Þjálfari:

- Kennarinn leggur línurnar með því að velja inn leikefni eða þema
- Kennarinn er innan leikheimsins og getur stutt við færni barna í leik og samskiptum
- Eflir börn í að leysa vandamál og endursemja reglur

Hér má lesa meira um ólík hlutverk kennara í leikheimi barna

Hlutverk kennara

Leiðarljós kennara í Jötunheimum

Vera til staðar og hlusta
- Raunveruleg nærvera með börnunum og virk hlustun
- Sjá öll börn og vera læs á hópinn og einstaklinga
- Greina aðstæður, líðan og námstækifæri í daglegu starfi

Fyrirmynd í samskiptum
- Sýna virðingu, umhyggju og áhuga í öllum samskiptum
- Setja orð á athafnir, tilfinningar og bera virðingu fyrir tilfinningum barna
- Vera góð fyrirmynd fyrir börn, kennara og foreldra

Styðja við leik og nám
- Vera til staðar í leiknum og leiðbeina á forsendum barnanna
- Kenna í gegnum leikinn og skrá leik
- Hvetja til sjálfstæðis og ýta undir skapandi hugsun

Setja mörk með jákvæðum hætti
- Nota jákvæðan aga með skýrum ramma
- Leyfa börnum að takast á við árekstra með stuðningi
- Vera sveigjanlegur en skipulagður í starfi

Einkenni okkar

Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar

Starfsfólk Jötunheima styðst við Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar í sínu starfi. Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar byggir á viðurkenndum fræðum og vel rannsökuðum uppeldisaðferðum. Uppeldi sem virkar styðst við jákvæðan aga í uppeldi þar sem áhersla er lögð á að setja mörk, nota skýr skilaboð, virka hlustun ásamt annarri góðri uppeldisfærni. Einkunnarorð agastefnu Jötunheima voru valin af kennurum Jötunheima með hliðsjón af jákvæðum aga og uppeldisnámskeiðinu Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Þessa eiginleika telja kennarar Jötunheima ákjósanlega færniþætti í góðri uppeldisfærni og mikilvægt að allir kennarar leikskólans tileinki sér þá í starfi sínu.

- Þolinmæði
- Jákvæðni
- Fyrirmynd
- Staðfesta
- Virðing

Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn Jötunheimar hefur verið Heilsueflandi leikskóli frá árinu 2017. Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum Embættis landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með níu lykilþætti sem fléttast inn í leikskólastarfið.
Þeir eru:

- hreyfing
- fjölskylda
- geðrækt
- mataræði
- nærsamfélag
- starfsfólk
- tannheilsa
- öryggi
- farsæld barna

Einkenni okkar

YAP - snemmtæk íhlutun í hreyfifærni barna

Leikskólinn Jötunheimar er YAP leikskóli sem þýðir að við leggjum mikla áherslu á skipulagða hreyfingu og snemmtækan stuðning í hreyfifærni barna.
YAP eða Young Athletes Program er alþjóðaverkefni sem unnið er af Special Olympics í samstarfi við háskólann í Boston og byggir á hreyfiþjálfun og snemmtækri íhlutun. Verkefnið leggur áherslu á börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Markmið þess er að auka hreyfifærni allra barna með áherslu á persónulega nálgun og er sérstök áhersla lögð á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Í Jötunheimum njóta fjölmörg börn snemmtækrar íhlutunar í hreyfifærni og fá auka YAP hreyfitíma með íþróttakennara.

Hér er hægt að lesa sér meira til um YAP

Lubbi finnur málbein

Frá árinu 2013 hefur Leikskólinn Jötunheimar verið Lubba-leikskóli og hefur námsefnið Lubbi finnur málbein verið fastur liður í málörvun og læsisstarfi leikskólans. Efnið er notað markvisst til að efla málþroska barna og undirstöðuþætti læsis, með áherslu á málvitund, hljóðkerfisvitund, orðaforða, hlustun og tjáningu. Lögð er rík áhersla á hljóðainnlögn, þar sem börnin kynnast því að hver stafur á sitt hljóð, en ekki heiti, sem styður við skilning þeirra á uppbyggingu málsins og undirbýr þau fyrir lestur og ritun.
Vinna með námsefni Lubba fer að mestu leyti fram í frjálsum leik og daglegu starfi, þar sem börnin fá tækifæri til að nota tungumálið í merkingarbæru samhengi í samskiptum, leik og skapandi verkefnum. Lubbi er sýnilegur og lifandi þáttur í umhverfi leikskólans og styður þannig við málörvun í víðum skilningi, þar sem leikur, þátttaka, félagsfærni og jákvæð upplifun barna eru í forgrunni. Með þessari vinnu fellur læsis- og málörvunarstarfið vel að áherslum Aðalnámskrár leikskóla um heildrænan þroska, leik og virk samskipti barna.

Fjölskyldan og leikskólinn

Sameiginleg ábyrgð

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast kennslu barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólinn er viðbót og stuðningur við heimilisuppeldið og kemur ekki í stað þess. Samstarfið byggist á gagnkvæmu trausti og sameiginlegri ábyrgð.
Í Jötunheimum er lögð áhersla á jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna og eru aðstandendur hvattir til þátttöku í viðburðum á vegum leikskólans. Dagleg samskipti eru undirstaða foreldrasamstarfs og mikilvægt er að tengjast barni og foreldrum t.a.m. með því að heilsa barni með nafni og bjóða góðan dag. Farsæld barna felur í sér heildstæða nálgun á þroska, líðan og velferð. Í Jötunheimum er jafnframt lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreytt námsumhverfi, fylgjast með þroska og líðan og sinna umbótastarfi til að bæta aðstæður barna. Einnig er lögð áhersla á að koma til móts við börn þar sem þau eru stödd.

Dagleg samskipti kennara og foreldra eru undirstaða góðs samstarfs:

- Jákvæð samskipti í upphafi og lok dags
- Upplýsingar um starf dagsins og líðan barnsins
- Virðing fyrir áhuga og þörfum hverrar fjölskyldu

Formlegt samstarf:

- Kynningarfundir og regluleg foreldrasamtöl
- Foreldraráð og foreldrafélag
- Stafræn samskipti og heimasíða
- Kynning á starfsemi og markmiðum

Óformlegt samstarf:

- Daglegar samræður og upplýsingagjöf
- Myndaskráning úr leik og starfi
- Þátttaka foreldra í viðburðum

Tengsl skólastiga

Samstarf leik- og grunnskóla í Árborg er í örri þróun og ávallt erum við að reyna að koma til móts við stækkandi samfélag. Það er okkur mikilvægt að skapa öruggt og samfellt námssamfélag þar sem börnin upplifa ánægjulegan flutning á milli skólastiga.

Við erum að efla samstarf við þann grunnskóla sem er í okkar nærumhverfi og meginþorri okkar barna fer í; Stekkjaskóla.

Stefnt er að heimsókn leikskólabarnanna einn skóladag að vori og er skipulagning þess dags í höndum grunnskólakennara og deildarstjóra leikskólans. Í þessari heimsókn fá þau að skoða skólann og taka þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum undir öruggri stjórn kennara. Markmið heimsóknarinnar er fyrst og fremst að kynna grunnskólann og starfsemi hans fyrir elstu börnunum.

Tengslin rofna þó ekki þótt skólastiginu ljúki. Að hausti koma fyrrum leikskólanemendur í heimsókn í leikskólann sinn og fá að hitta fyrrum félaga sína hluta úr degi. Þessar stundir eru dásamlegar og veita bæði eldri og yngri börnum mikla gleði. Til viðbótar við þetta eru óformlegar heimsóknir í boði til allra skólanna á svæðinu. Þar býðst okkur að koma að leika á leikvöllunum og kíkja í heimsókn inn í skólana til að létta á spenningnum.

Faglegt samstarf á bak við tjöldin er sömuleiðis mjög öflugt. Skilafundur er haldinn á hverju vori þar sem sitja fulltrúar beggja skólastiga til að tryggja að upplýsingaflæði sé gott og þarfir hvers barns séu virtar. Einnig eru foreldrar útskriftarárgangs boðaðir á kynningarfund í grunnskólanum að vori.

Mat á skólastarfi

Mat á árangri og gæðum skólastarfs

Lagaleg skylda og tilgangur

Samkvæmt 18. og 19. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal hver leikskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Tilgangurinn er að tryggja réttindi barna og gæði þjónustu, afla vitneskju um árangur markmiða og stuðla að umbótum í skólastarfi. Skólar skulu síðan gera grein fyrir viðmiðum námsmats í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum kennurum skólans sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þannig aukum við gæði skólastarfsins og stuðlum að umbótum, tryggjum réttindi barna og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.
Mat á leikskólastarfi er með ýmsum hætti og skiptist í innra og ytra mat. Þar sem skólastarf er umfangsmikið hefur leikskólinn gert matsáætlun (sjá starfsáætlun leikskólans) til fimm ára.

Innra mat

- **Daglegt mat:**
  - Kennarar meta stöðugt aðferðir og leiðir í starfi
  - Skipulagsdagar og fundir eru vettvangur mats og áætlana
  - Samtal kennara um það sem vel gengur og það sem betur má fara
- **Skipulagt innra mat:**
  - Matsáætlun til margra ára
  - Kannanir meðal foreldra og starfsfólks
  - Skráning og greining á gögnum

Hér má nálgast innra mats skýrslur Jötunheima

Hér má nálgast aðgerða- og gæðahandbók varðandi innra mat á skólastarfi í Árborg

Ytra mat

- Menntamálastofnun framkvæmir ytra mat fyrir hönd ráðuneytisins með:
  - Rýni í gögn um starfsemi
  - Vettvangsheimsóknum
- Viðtölum við börn, kennara og foreldra
- Mati á því hvort starfsemin uppfylli lög og reglugerðir

Umbætur og þróun

- Niðurstöður mats eru notaðar til að:
  - Efla það sem vel gengur
  - Bæta þá þætti sem þarfnast umbóta
  - Þróa skólanámskrá og vinnubrögð
  - Tryggja fagleg vinnubrögð

Mat á skólastarfi

Mat á námi og velferð barna

Heildrænt mat á þroska

Mat á námi og velferð barna er samfellt ferli þar sem fylgst er með þroska, getu, áhuga og samskiptum hvers barns. Matið er einstaklingsmiðað og tekur tillit til mismunandi getu og áhuga. Foreldrar eru lykillinn að góðu mati. Í upphafi skólagöngu og reglulega í foreldrasamtölum skiptast kennari og foreldrar á upplýsingum um stöðu og þroska barnsins, áhuga og styrkleikum þess.

Fjölbreyttar matsaðferðir

Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir við að safna og skrá upplýsingar um þroska og nám barnanna. Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og farið er með þær samkvæmt lögum og faglegum stöðlum. Matið miðar að því að styðja við barnið og fjölskyldu þess.
Börn taka þátt í mati á sínu námi og líðan með fjölbreyttum hætti eftir aldri og getu. Raddir þeirra og upplifanir skipta máli.

Óformlegt mat:

- Athugun í leik og daglegum athöfnum
- Ljósmyndir og leikjaskráning
- Samtöl við börn um upplifanir þeirra

Skipulagt mat:

- Ferilmöppur með verkum og þroskaskráningu
- Þroskalistar og skimunarverkfæri eftir þörfum
- Málþroskamat fyrir börn á viðeigandi aldri

Sérstakt mat:

- Leitað til sérfræðinga með leyfi foreldra ef þörf er á
- Einstaklingsnámskrá þegar á þarf að halda
- Samstarf við stoðþjónustu

Heimildir



Læsisstefna Árborgar



8-viti æskunnar



Menntastefna Árborgar



Nám til framtíðar



Aðalnámskrá leikskóla



Handbók um leik barna í leikskóla

Fylgiskjal

Skólanámskrá leikskólans Jötunheima byggir á lögum og reglugerðum um leikskólastarf, Aðalnámskrá leikskóla og stefnum og áherslum sveitarfélagsins Árborgar. Skólanámskráin tekur mið af þeim markmiðum, gildum og áherslum sem þar koma fram og útfærir þau með hliðsjón af sérstöðu, starfsháttum og áherslum leikskólans Jötunheima.

Við gerð skólanámskrárinnar var lögð áhersla á samráð og þátttöku alls skólasamfélagsins. Foreldrar, börn leikskólans og allt starfsfólk tóku þátt í mótun hennar með það að markmiði að sjónarmið, reynsla og þekking ólíkra hópa endurspeglist í námskránni. Foreldraráð las einnig yfir skólanámskránna.

Teymi innan leikskólans stýrði vinnunni við gerð skólanámskrárinnar. Við vinnuna var horft til þess starfs sem þegar fer fram í Jötunheimum, sérstöðu leikskólans og þeirra áherslna sem starfsfólk hefur sameinast um að leggja til grundvallar í leikskólastarfinu.
Skólanámskráin er því afrakstur sameiginlegrar vinnu, samráðs, samtals og ígrundunar um það hvernig við viljum að börnum líði, leiki og læri í Jötunheimum. Hún lýsir þeim gildum, áherslum, starfsháttum og markmiðum sem einkenna leikskólastarfið og er jafnframt lifandi skjal sem endurspeglar þróun og áframhaldandi umbætur í skólastarfinu.

Skólanámskráin er endurskoðuð með reglubundnum hætti og tekur breytingum í samræmi við þróun skólastarfsins, nýjar áherslur, niðurstöður mats og sjónarmið skólasamfélagsins. Með því er leitast við að tryggja að hún endurspegli á hverjum tíma það starf sem fram fer í Jötunheimum og sameiginlega sýn starfsfólks, barna og foreldra á gott leikskólastarf.

Leikskólinn Jötunheimar – leikurinn á vísdóm veit